

Velferðarnefnd Alþingis
nefndarsvid@althingi.is

Reykjavík, 29. apríl 2014

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um landlækni og lýðheilsu, og lögum um sjúkraskrár (heilbrigðisskrár o.fl.).

Vísað er í tölvupóst, dags. 16. apríl sl., þar sem velferðarnefnd sendir frumvarp til laga um breytingu á lögum um landlækni og lýðheilsu, og lögum um sjúkraskrár, til umsagnar til Landspítala. Í 2. gr. c. er lagt til að gæðaskrár geti verið bundnar við einn eða fleiri veitendur heilbrigðisþjónustu hér á landi eða verið liður í samstarfi við heilbrigðisstofnanir innan Evrópska efnahagssvæðisins. Að mati Landspítala er rétt að vísa frekar til alþjóðlegs samstarfs en ekki eingöngu samstarfs innan Evrópska efnahagssvæðisins. Talið er nauðsynlegt að þrengja ekki möguleika heilbrigðisstofnanna til samstarfs við þau ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem uppfylla allar kröfur laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Virðingarfyllt,



Runólfur Pálsson,
forstjóri